



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 20. september 2023

ITR23090006

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Hjálagður er samningur á milli Reykjavíkurborgar og Frisbígolffélags Reykjavíkur um umsjón á færanlegu húsnæði í Leirdal.

Samningurinn er lagður fram til kynningar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Eiríkur Björn Björgvinsson".

Eiríkur Björn Björgvinsson,

Samningur um umsjá færانlegs húsnæðis

Þessi samningur (hér eftir nefndur samningurinn) er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Frisbígolffélags Reykjavíkur (hér eftir nefnt frisbígolffélagið), kt. 450917-3030, Otrateigi 22, 105 Reykjavík.

1. gr. Hlutverk Frisbígolffélagsins

Frisbígolffélagið skal hafa til afnota og sjá um útleigu og þrif á færانlegu frítímahúsi (hér eftir nefnt húsið) í eigu Reykjavíkurborgar sem stendur nú við Leirdal í Úlfarsárdal, Landnúmer 220497, sjá fylgiskjal 1.

Frisbígolffélagið skal annast öll samskipti vegna notkunar hússins við notendur þess.

Frisbígolffélagið skal leitast við að eiga gott samstarf við önnur félög og íbúa á svæðinu. Frisbígolffélagið skal taka á móti óskum um afnot af húsinu og verða við slíkum óskum ef slíkt stangast ekki á við þá notkun hússins sem þá þegar hefur verið samþykkt. Útleiga á húsinu til þriðja aðila skal takmörkuð við starfsemi sem tengist samfélagsverkefnum í Grafaholti. Ekki er tekin leiga af þriðja aðila vegna afnota af húsnæðinu.

2. gr. Hlutverk Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg skal veita Frisbígolffélaginu aðgang að húsinu.

Reykjavíkurborg skal útvega þau tæki og efni sem hún telur nauðsynleg svo Frisbígolffélaginu sé unnt að þrífa húsið með fullnægjandi hætti.

3. gr. Siðareglur, jafnréttisstefna og mannréttindastefna

Starfsfólk og stjórn Frisbígolffélagsins skulu kynna sér og starfa í samræmi við siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Frisbígolffélagið skal jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir kyni sé þess óskað.

Frisbígolffélagið skal láta þess getið í öllu kynningarrefni á vegum sínum að það hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal það auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

4. gr. Greiðslur

Reykjavíkurborg skal greiða Frisbígolffélaginu kr. 50.000,- á mánuði. Skal greiðslan innt af hendi fyrir lok 20. dag þess mánaðar sem greitt er fyrir.

5. gr. Fyrirvari

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

6. gr. Gildistími

Samningurinn gildir frá 1. nóvember 2023 til 31. ágúst 2025. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með eins mánaðar fyrirvara frá lokum þess mánaðar þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti.

7. gr. Úrlausn ágreiningsmála

Rísi mál út af samningnum skulu samningsaðilar leitast við að leysa það með gagnkvæmu samkomulagi en takist slíkt ekki skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningurinn er 2 blaðsíður, gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, XX. október 2023

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Frisbígolffélags Reykjavíkur